

Árið 1997, miðvikudaginn 25. júní, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 15/1996 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Með bréfi móttæknu 5. nóvember 1996 kærir Jón Ísleifsson sóknarprestur í Árnesi, Árneshreppi mat á æðarvarpshlunnindum prestsetursins Árness I í Árneshreppi.

Kæru sína áréttar Jón Ísleifsson með bréfi dags. 18. nóvember 1996. Þar segir m.a.:

“Það er slegist um hreiðrin í eyjunni. Árnes II er með 8 í eyju, fólkið hreinsar dúninn úti, og lætur skit frá sér, þetta er auðvelt, ef hinn aðilinn með 2/3 er liðfár, með 3-4 með sér, fólk fæst ekki. Þess vegna er það rugl að Prestsetrið fái sinn hlut það vita allir....”

Kæra þessi var send til umsagnar hreppsnefndar Árneshrepps með bréfi 2. nóvember 1996. Í svarbréfi Gunnsteins Gíslasonar, oddvita Árneshrepps, dags. 23. des. 1996, segir um mat Fasteignamatsins á æðarvarpshlunnindum í Árnesi I m.a.:

“...Beiðni hreppsnefndar um endurskoðun var upphaflega fram borin vegna þess, að auðséd ósamræmi var í mati, t.d. ef miðað var við matsupphæð þessara hlunninda á Árnesi 2, sem er þriðjungur af hlunnindum jarðarinnar. Hreppsnefnd vill samt benda á að matið sé orðið óeðlilega hátt miðað við nýtingarmögu-leika hlunnindanna, eins og fram kemur í bréfum Jóns Ísleifssonar. Væri lækkun um kr. 500.000,00 ekki ósamgjörn. ...”

Yfirfasteignamatsnefnd gekk á vettvang hinn 13. júní 1997. Þar mættu nefndarmennirnir Pétur Stefánsson, Guðmundur Magnússon og Agnar Gústafsson ásamt Friðþjófi Sigurðssyni, ritara nefndarinnar.

Af hálfu forsvarsmanna jarðarinnar mættu á vettvang Jón Ísleifsson, sóknarprestur, og Guðjón Albertsson, lögmaður prestssetrasjóðs, en af hálfu Árneshrepps Gunnsteinn Gíslason oddviti.

Árneseyja er í Trékyllisvík, skammt undan landi. Eyjan er kunn fyrir mikið æðarvarp og kom fram að eyjan er talin “60 kílóa eyja”. Æðarvarpið er í óskiptri sameign prestsetursins Árness I og jarðarinnar Árness II, og tilheyra 2/3 hlutar Árnesi I en 1/3 hluti Árnesi II.

Aðstæður eru þannig að sameigendur verða að starfa sameiginlega og samtímis að nýtingu varpsins. Að jafnaði eru farnar 5-7 ferðir í eyju á hverju vori og tekur hver ferð lungann úr deginum. Dúninum er síðan skipt úti í eyju og hreinsar hvor aðili um sig sinn dún heima við. Tekur sú vinna um tvær vikur uns dúnninn er seldur grófhreinsaður að sögn séra Jóns.

Aðstæður sameigenda til að nýta umrædd hlunnindi eru ærið misjafnar. Annars vegar er sóknarpresturinn, umráðandi meirihluta varpsins, einyrki, sem byggja þarf á lausafólki, og hins vegar ábúendur Árness II, liðmargir og heimavanir. Þykir ástæða til að ætla að þetta rýri arðsemi hlunninda prestsetursins við ríkjandi aðstæður.


Hið kærða mat æðarvarpshlunninda að Árnosi I nemur 6.088.000,- kr. miðað við 1. desember 1995. Fasteignamat æðarvarps í Árnosi II er 3.316.000,- kr. miðað við sama tíma.

Með hliðsjón af þeim aðstæðum sem að framan er lýst og öðru, sem máli skiptir, þykir eftir atvikum rétt að meta æðarvarpshlunnindi í Árnosi I á kr. 5.000.000 í fasteignamati því sem tók gildi 1. desember 1995.

ÚRSKURÐARORÐ:

Fasteignamat æðarvarpshlunninda að Árnosi I í Árneshreppi telst hæfilega ákvarðað kr. 5.000.000 í fasteignamati því er tók gildi 1. desember 1995.


Pétur Stefánsson


Guðný Björnsdóttir


Agnar Guðafsson